

Heilbrigðiseftirlit Hafnf/Kópsv  
Pósthólf 329  
212 Garðabær

Kennitala 590184-0209

## Ábyrgðartrygging fyrir skráða hunda í Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði tímabilið 1. apríl 2020 til 31. mars 2021

Vátryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu, er fellur á eiganda hunds sem einstakling, enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni af völdum hundsins á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga, sjá 2. gr. vátryggingarskilmála Vátryggingafélags Íslands hf um ábyrgðartryggingar einstaklings vegna hunds.


Ábyrgðartryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

Hámarksbætur allt að kr. 315.162.000, sjá nánar 15. gr. vátryggingarskilmála.

Sjálfsábyrgð eiganda hundsins er 10% í hverju tjóni, lágmark kr. 25.000 og hámark kr. 253.000, sbr. 16. gr. vátryggingarskilmála.

Að öðru leyti vísast til vátryggingarskilmála félagsins um ábyrgðartryggingu einstaklings.

Reykjavík 20. maí 2020  
Vátryggingafélag Íslands hf.

  
váttryggingafélag Íslands hf  
VÍS Insurance Ltd.  
Árni Henry Gunnarsson